

SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE



SAMTÖK MILLIRÍKJA-
VERSLUNAR, HEILD-
SÖLU- OG SMÁSÖLU-
DREIFINGAR

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 127, 1929
komudagur 22.3.2002

Reykjavík, 21.03.2002

Tílv. 18.103

GÁS/gás

Vísað er til erindis hæstvirktrar alsherjarnefndar, dags. 27. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, 126. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að settar verði sérstakar viðvörunarmerkingar á áfengisumbúðir þar sem barnshafandi konum verði gerð grein fyrir að áfengisneysla geti skaðað fóstur og öikumönnum greint frá þeirri hættu sem skapast við að aka undir áhrifum áfengis.

Hér er á ferðinni tillaga sem lýsir ótrúlega mikilli forsjarhyggju. Ennfremur virðist sem flutningsmenn hafi ekki hugleitt hvernig framkvæma á hugmyndina eða leitt hugann að þeim kostnaði sem henni er samfara.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að að settar verði merkingar á allar umbúðir áfengis. Samkvæmt upplýsingum frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins eru seldar tæplega 25 milljónir eininga áfengis á ári hjá fyrirtækinu. Þar er ekki meðtalið það áfengi sem selt er veitingahúsum en sú sala fer ekki í gegnum ÁTVR. Er reyndar ekki ljóst hvort frumvarpið taki til áfengis sem selt er til veitingahúsa.

Frumvarpið er ekki skýrt varðandi það hver beri ábyrgðina á að setja varúðarmerkingarnar á áfengisumbúðir, ÁTVR, framleiðendur eða birgjar. Hver svo sem það verður er ljóst að verulegur kostnaður verður því samfara. Það er ekki nægilegt að prenta miða, einhvern þarf til að opna alla kassa og aðrar ytri umbúðir og festa miðana á umbúðirnar. Erlendir framleiðendur munu ekki annast þessa vinnu í ljósi þess hve hinn íslenski markaður er lítill. Hún mun þar af leiðandi lenda á innflytjendum áfengis. Með því er verið að innleiða mikinn aðstöðumun á milli innflytjenda og innlendra framleiðenda. Innlendum áfengisframleiðendum verður gert auðveldara um vik því þeir geta fyrirframmerkt umbúðir, þannig að framleiðsluferli þeirra raskast ekki. Er því ástæða til að benda á að verið er að leggja til að teknar verði upp tæknilegar viðskiptahindranir gagnvart innfluttum vörur sem mjög líklega kunna að brjóta í bága við EES samninginn.

Í greinargerð með frumvarpinu er meðal annars vísað til þess að merkingar sambærilegar þeim sem hér um ræðir séu á áfengisumbúðum í Bandaríkjunum. Hér er mjög ólíku saman að




jafna. Það er mjög óraunverulegt að bera saman bandarískan og íslenskan markað og hve auðvelt það er fyrir framleiðendur á bandarískum markaði eiga auðveldar með að aðlaga framleiðslu sína sértækum reglum. Einnig má benda á að í ljósi þeirrar ríku skaðabótahefðar sem er í Bandaríkjunum hafa framleiðendur sjálfir verið iðnir við að setja alls kyns varúðarmerkingar á framleiðsluvörur til að koma í veg fyrir gríðarlegar skaðabótakröfur ef svo skyldi fara að eitthvað færi úrskæðis við meðferð eða neyslu vöru. Þetta á ekki við hér á landi.

Að lokum telja samtökin að upplýsingar þær sem hér er lagt til að verði settar á áfengisumbúðir eigi frekar heima í ökuskólum, á læknastofum, mæðraskoðun og á þungunarprófum. Að nota áfengisflösku sem forvarnarmiðil er ekki rétti grundvöllurinn.

Að lokum áskilja samtökin sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig jafnframt reiðubúin til að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt


Guðrún Ásta Sigurðardóttir hdl.